

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS OG BÚSTAÐA

Ár 2017, mánudaginn 20. mars kl.16.00, var haldinn 154. fundur hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í húsakynnum þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis að Efstaleiti 1 á 2. hæð. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir, Elinóra Inga Sigurðardóttir, Sigurður Eggertsson og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Sigtryggur Jónsson og Helga M.Guðmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá öldungaráði Reykjavíkurborgar, dags. 27. febrúar 2017, þar sem óskað er eftir að fulltrúi öldungaráðs fái að sitja fundi hverfisráðsins til þess að styrkja samráð og samstarf milli allra hagsmunaaðila um málefni borgarinnar.
Samþykkt.
2. Lögð fram tillaga um að hafa opinn fund hverfisráðs í október.
Samþykkt.
3. Fram fer umræða um hópamyndanir barna og unglunga í Kringlunni.
Þórhildur Rafns Jónsdóttir frá frístundamiðstöðinni Kringlumýri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
4. Fram fer umræða um breytingu á skipan í hverfisráðið.
5. Fram fer umræða um dagskrána á sumardagurinn fyrsta í Háaleitis- og Bústaðahverfi sem verður með hefðbundnum hætti á vegum samtakahóps í hverfinu.
6. Lagt fram svar ípróttta- og tómsfundasviðs, dags. 17. mars, við erindi hverfisráðsins vegna bókunar frá 153. fundi hverfisráðs um málefni Fram og áframhaldandi ípróttastarfsemi í Háaleitishverfi
7. Lagt fram erindi frá umhverfis- og skipulagsráði, dags. 3. mars 2017, um feqrunarviðurkenningar 2017.

Fundi slitið kl. 17.25

Dóra Magnúsdóttir

Sigurður Eggertsson

Elinóra Inga Sigurðardóttir